

Fréttatilkynning.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2006 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn 3. maí 2007. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður hann aftur til umfjöllunar í bæjarstjórn Garðabæjar 24. maí nk.

Ársreikningur Garðabæjar árið 2006 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e.a.s. A og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A-hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignarsjóð og Þjónustumiðstöð Garðabæjar. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins. Rekstur B-hluta fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar og Garðahús hf.

Lykiltölur úr reikningnum og kennitölur:

Rekstur ársins 2006 í þús. kr.	A-hluti		Samstæða (A og B hluti)	
	2006	Áætlun	2006	Áætlun
Rekstrartekjur	3.833.590	3.825.160	4.118.605	4.099.353
Rekstrargjöld án afskrifta	3.367.315	3.373.397	3.430.765	3.431.986
Afskriftir	218.004	208.594	273.116	263.596
Rekstrarniðurstaða án fjárm.liða	248.271	243.169	414.724	403.771
Fjármagnsliðir	(33.603)	(171.595)	(202.354)	(346.170)
Rekstrarniðurstaða fyrir ór. liði	214.668	71.574	212.370	57.601
Óreglulegir liðir	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	214.668	71.574	212.370	57.601

Efnahagur samstæðu pr. 31.12.2006 í þús. kr.	A-hluti		Samstæða	
	2006	2005	2006	2005
Eignir				
Fastafjármunir	6.565.415	6.447.181	6.802.636	6.542.315
Veltufjármunir	1.327.182	1.490.590	1.115.734	1.410.976
Eignir samtals	7.892.597	7.937.771	7.918.370	7.953.291
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé	4.134.101	3.191.432	3.923.244	3.710.874
Skuldbindingar	952.000	844.000	952.000	844.000
Langtímaskuldir	1.969.997	2.167.897	2.202.813	2.388.363
Skammtímaskuldir	836.499	1.006.442	840.313	1.010.054
Skuldir og eigið fé samtals	7.892.597	7.209.771	7.918.370	7.953.291

Sjóðstreymi ársins 2006	A-hluti		Samstæða	
í þús. kr.	2006	Áætlun	2006	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	214.668	71.574	212.370	57.601
Veltufé frá rekstri	642.298	530.682	795.158	681.906
Handbært fé frá rekstri	613.818	515.682	766.626	666.906
Fjárfestingarhreyfingar	(70.836)	(425.214)	(348.092)	(662.479)
Fjármögnunarhreyfingar	(681.619)	(196.819)	(557.171)	(110.778)
Hækkun á handb. fé	(138.637)	(106.351)	(138.637)	(106.351)

Rekstur í hlutfalli við	A-hluti		Samstæða	
rekstrartekjur	2006	Áætlun	2006	Áætlun
Skatttekjur	86,3%	84,0%	80,3%	78,3%
Aðrar tekjur	13,6%	16,1%	19,7%	21,7%
Laun og launatengd gjöld	48,3%	49,7%	45,3%	46,7%
Annar rekstrarkostnaður	39,5%	38,5%	38,0%	37,1%
Afskriftir	5,7%	5,5%	6,6%	6,4%
Fjármagnsliðir	0,9%	4,5%	4,9%	8,4%
Rekstrarniðurst. fyrir ór. liði	5,6%	1,9%	5,2%	1,4%
Veltufé frá rekstri	16,8%	13,9%	19,3%	16,6%
Fjárfestingahreyfingar	(5,4%)	(11,1%)	(11,8%)	(16,2%)
Rekstur í krónum á íbúa				
Rekstrartekjur	402.307	401.423	432.218	430.198
Rekstrargjöld og fjármagnsl.	379.779	393.912	409.931	424.153
Óreglulegir liðir	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	22.528	7.511	22.287	6.045
Efnahagur í krónum á íbúa	2006	2005	2006	2005
Eignir	828.271	840.509	830.976	842.153
Eigið fé	433.844	415.018	411.716	392.935
Skuldir og skuldbindingar	394.427	425.491	419.260	445.211
Aðrar lykiltölur	2006	2005	2006	2005
Veltufjárhlutfall	1,59	1,48	1,33	1,40
Eiginfjárhlutfall	0,52	0,49	0,50	0,47

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2006 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn 3. maí 2006. Niðurstaðan endurspeglar gott jafnvægi í rekstri bæjarsjóðs.

Samkvæmt sjóðstreymi nemur veltufé frá rekstri 795 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 682 mkr. Mismunur er 113 mkr sem er 2,9% frávik m.v. heildarrekstrargjöld sem nema 3.906 mkr. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum er 16,8% hjá A hluta bæjarsjóðs Garðabæjar en þegar litið er til samstæðureiknings er veltufé frá rekstri 19,3%.

Heildarrekstrartekjur bæjarins nema 4.119 mkr og er það 0,5% hærri tekjur en áætlun gerði ráð fyrir. Heildarrekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta eru 3.431 m.kr. sem eru nær sömu útgjöld og áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaðan nokkuð betri en áætlun gerðir ráð fyrir, eða 212 mkr í stað 58 mkr. Skýrist það að mestu af fjármagnsliðum en netto fjármagnskostnaður reyndist 143 mkr lægri en áætlun gerðir ráð fyrir, sem rekja má að mestu til góðrar ávöxtunar handbærs fjár.

Í nánustu framtíð er ljóst að fjölgun bæjarbúa á næstu árum mun auka umfang rekstrar og stærð efnahagsreiknings. Má þar nefna til lok framkvæmda í Sjúalandi og Akralandi auk nýrrar uppbyggingar í Urriðaholti..